

# Reglur fyrir val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ

## 1. grein

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar gengst ár hvert fyrir útnefningu á Íþróttamanni ársins Ísafjarðarbæ.

## 2. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd sér um undirbúning á vali íþróttamannsins. Tilnefningar skulu koma frá öllum íþróttafélögum í Ísafjarðarbæ. Hvert félag skal tilnefna einn íþróttamann úr hverri grein. Skilyrði er að viðkomandi keppi fyrir hönd síns félags og/eða Ísafjarðarbæjar á mótum innan- sem utanlands og hafi náð 16 ára aldri. Gerð er krafa til þess að íþróttamaðurinn sé góð fyrirmynd, innan vallar sem utan. Íþróttafélög skila tilnefningum til HSV fyrir auglýstan tíma ár hvert. HSV sér um að skila öllum tilnefningum til íþróttá- og tómsbundanefndar. Þá skal hvert félag tilnefna efnilegasta íþróttamanninn í sínu félagi í hverri grein.

Íþróttá- og tómsbundanefnd veitir einnig hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt.

## 3. grein

Í janúarmánuði ár hvert afhendir bæjarstjórn þeim einstaklingi, sem valinn er Íþróttamaður ársins í Ísafjarðarbæ fyrir liðið ár, viðurkenningu í samræmi við reglur þessar.

Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda íþróttamanns, viðeigandi ártal og skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.

## 4. grein

Faglegt mat á tilnefningum skal vera í höndum íþróttá- og tómsbundanefndar Ísafjarðarbæjar. Íþróttá- og tómsbundanefnd er heimilt að kalla til fagaðila til upplýsingagjafar við val á Íþróttamanni ársins.

## 5. grein

Bæjarstjórn og íþróttá- og tómsbundanefnd veitir þeim viðurkenningar sem valdir eru íþróttamenn ársins í hverri íþróttagrein fyrir sig.

## 6. grein

Afhending viðurkenninganna skal fara fram með þeirri viðhöfn sem bæjarstjórn, í samráði við íþróttá- og tómsbundanefnd, ákveður hverju sinni.

Samþykkt í íþróttá- og tómsbundanefnd 21.11.2013